

Fundargerð ellefta fundar skráningarráðs Gegnis mánudaginn 21. júní 2004

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14-16.

Fundarmenn: Auður Gestsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir. Guðný Ragnarsdóttir var í sumarfrí og Herdís Tómasdóttir er hætt í skráningarráði þar sem hún hefur látið af störfum hjá Listaháskóla Íslands.

Auk þess sátu fundinn þær Fanney Sigurgeirsdóttir, sem varamaður Rögnu Steinarsdóttur ritstjóra efnisorða sem var í sumarfrí, Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

0. Fundargerð síðasta fundar

Þóra og Hildur samræma þær athugasemdir sem borist hafa og ganga frá fundargerðinni til samþykktar.

1. Skráningarþáttur

Sigrún Hauksdóttir skýrði frá ferð til Berlínar á fund þjónustuaðila Aleph 500 (Gegnis) og gangi mála varðandi vandamál í sambandi við skráningarþáttinn. Fram kom að séð er fyrir endann á vandanum því nú er vitað hvar skemmdirnar liggja og hægt er að laga þær. Galli er í yfirfærslunni frá hendi ExLibris, gera þarf yfirfærsluna aftur og byggja þarf upp nafnmyndaskrá að nýju. Lögð var fram verkáætlun um enduruppbyggingu bókfræðigrunns og nafnmyndaskrár og greinarmerkjavandann (Steps to rebuild the Icelandic bibliographic and authority databases. Punctuation problem solving), ennfremur Matching list for Iceland.

Hildur Gunnlaugsdóttir lagði fram lýsingu á stöðu mála þar sem sagði m.a. að í skráningarþætti Gegnis væri ekki lengur sjálfseyðing á greinarmerkjum milli deilisviða og skammstöfunarpunktum í mannanöfnum og mælti hún með því að skráningarþátturinn væri opnaður aftur. Fundarmenn samþykktu það samhljóða.. Hildur mótaði síðan í framhaldi af því eftirfarandi tillögu:

Tillaga til skráningarráðs frá ritstjóra Gegnis

Skráningarráð Gegnis samþykkir að heimila skráningu bókfræðifærslna í Gegni frá og með 23. júní 2004. Í skráningarþætti kerfisins er ekki lengur sjálfseyðing á greinarmerkjum milli deilisviða og skammstöfunarpunktum í mannanöfnum. Þar af leiðandi er unnt að leggja gögn í kerfið án þess að eiga á hættu að þau skemmist sjálfkrafa.

Rökstuðningur

1. Höfðalistar endurspegla nú undirliggjandi bókfræðifærslur. Þótt gæta þurfi varúðar við val á nafnmyndum úr höfðalistum er hægt að velja ógallaða nafnmynd. Velja þarf nafnmynd sem inniheldur fyrrnefnd greinarmerki / skammstöfunarpunkta.

2. Skaddaðar bókfræðifærslur verða lagfærðar síðar í sumar – að undangenginni vinnu við forsögn, greiningu og forritun.

Formaður skráningarráðs og ritstjóri Gegnis senda framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna tillöguna og hann kemur henni síðan áfram til viðkomandi aðila.

2. Skráningarheimildir

Hildur og Þórdís lögðu í samræmi við ákvörðun síðasta fundar (sbr. 3. lið) fram skjalid: Tillögur að reglum til að leggja fyrir skráningarráð 21. júní nk. um aftengingu skráningarheimilda þeirra sem vinna lítið sem ekkert að skráningu í Gegni, dags. 18.

júní. Skjalið var skoðað sem vinnuplagg og samþykkt sem Drög að reglum um viðhald skráningarheimilda og verður endurskoðað síðar.

3. Skráningarráð

Rætt var um breytingar á skráningarráði og hugsanlegan eftirmann Herdísar Tómasdóttur, sbr. lið 8. í fundargerð síðasta fundar.

4. Önnur mál

a. *Spurning um lokun, erindi frá Árna Sigurjónssyni, dags. 10. júní 2004*

Lagt fram bréf frá Árna varðandi lokun skráningar. Hildur hefur þegar svarað bréfinu fyrir sitt leyti og var svar hennar kynnt. Skráningarráð tekur undir sjónarmið Hildar. Formaður skráningarráðs sendir Árna svarbréf á grundvelli þess.

b. *Bréf frá Alefli – notendafélagi Gegnis*

Innkomið afrit af bréfi frá Alefli til Landskerfis bókasafna kynnt þar sem beðið er um skýringu á lokun skráningarþáttar og óskað eftir fundi með fulltrúum frá Landskerfi og skráningarráði. Framkvæmdastjóri Landskerfis boðar fundinn.

c. *Erindi frá Gíslunni á Skólaskrifstofu Austurlands*

Kynnt var erindi Gíslunnar varðandi skráningu í Gegni. Sigrún hringir í Gíslunni og ræðir við hana um afgreiðslu málsins. Fram kom einnig hjá Sigrúnu að Alefli hefur tekið að sér að móta reglur fyrir þau söfn sem ekki hafa skráningarheimildir og gera tillögu að gjaldskrá fyrir skráningu.

d. *Umfjöllun um lokun Gegnis í útvarpi*

Fram kom að Ríkisútvarpið hafði fjallað um lokun Gegnis í fréttatíma, m.a. á grundvelli viðtals við Sigrúnu Hauksdóttur en í fréttinni gætti missagna og rangfærslna.

Formaður boðar næsta fund.

Þórdís T. Þórarinsdóttir ritaði fundargerð 21. júní 2004